

**631. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
mánudaginn 11. mars 2024
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Í samræmi við samþykkt á 630. fundi sveitarstjórnar færirst þessi reglubundni fundur sveitarstjórnar fram um einn dag.

Aðalfulltrúinn Jón Ingi Jónsson var fjarverandi án þess að boða forföll og því ekki hægt að boða varafulltrúa í hans stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 631 lögmætan.

Dagskrá:

1. Aðgerðir stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum - 2403024

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 07.03.2024 varðandi stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024. Jafnframt lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 08.03.2024 með áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og sambandsins vegna samninganna.

Sveitarstjórn telur rétt að Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð eigi samtal vegna aðgerða vegna kjarasamninga í ljósi sameiningar sveitarfélaganna sem framundan er. Í ljósi þessa samþykkir sveitarstjórn samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

2. Persónuverndarfulltrúi - 2106261

Erindi frá ThelmaDögg ehf. dags. 21.02.2024 vegna samnings félagsins við Tálknafjarðarhrepp vegna þjónustu sem persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að uppsögn samnings milli aðila taki gildi 19. maí 2024 í samræmi við innsent erindi.

Sveitarstjórn þakkar Thelmu Dögg Theodórsdóttur fyrir góð störf sem persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins.

3. Móatún, framkvæmdir 2024 - 2403021

Minnisblað frá byggingafulltrúa dags. 07.03.2024 varðandi endurbyggingu Móatúns.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framkvæmd verði lokuð verðkönnun hjá völdum aðilum vegna verksins á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í framlögðu minnisblaði.

Sveitarstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við byggingafulltrúa.

4. Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2403022

Reglur um heimastjórnarkosningar í Sameinuðu sveitarfélagi Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar lagðar fram til staðfestingar.

Mál frá 5. fundi undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.03.2024.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu til næsta fundar sveitarstjórnar svo að kjörstjórn fái tækifæri til að veita umsögn um reglurnar áður en þær verða afgreiddar.

5. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 16 - 2402005F

Fundargerð 16. fundar íþrótt-, menningar og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.03.2024.

Fundargerðin er staðfest.

5.1 2208107 - Heilsuefning eldra fólks

5.2 2309009 - Félagsmiðstöðin Tunglið 2023-2024

6. Umsókn í Fiskeldissjóð 2024 - 2403015

Umsókn Tálknafjarðarhrepps til Fiskeldissjóðs 2024.

Lagt fram.

7. Stóri plokkgdagurinn 2024 - 2402087

Erindi frá Plokk á Íslandi dags. 22.02.2024 varðandi Stóra plokkgdaginn 2024.

Lagt fram.

Vísað til umhverfis- og bygginganefndar sem og til skólastjórnenda með það að sjónarmiði að staðið verði að plokkgdegi á Tálknafirði með sambærilegum hætti og fyrri ár.

8. Rafmagnsleysi á Tálknafirði - 2310083

Erindi frá Landsneti dags 26.01.2024 þar sem brugðist er við bókun atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem var gerð á 44. fundi hennar sem fór fram 11.10.2023 vegna rafmagnsleysis sem varð 10.10.2023.

Lagt fram.

9. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2024 - 2403001

Erindi frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem boðað er til aðalfundar sjóðsins sem fer fram í Reykjavík 14.03.2024.

Lagt fram.

10. 80 ára afmæli lýðveldisins - 2403003

Erindi nefndar um 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins dags. 05.02.2024 sent til sveitarstjórna landsins þar dagskrá vegna afmælisins er kynnt og óskað eftir samvinnu

631. fundur
12.03.2024

við sveitarfélög.

Lagt fram.

11. Ársfundur Byggðastofnunar 2024 - 2403013

Erindi frá Byggðastofnun dagsett 06.03.2023 þar sem vakin er athygli á ársfundi Byggðastofnunar 2024 sem fer fram í Bolungarvík 17.04.2024.

Lagt fram.

12. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2312027

Fundargerð 5. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.03.2024.

Lagt fram.

13. Fundargerð verkfunda vegna sorpsamnings - 2207047

Fundargerð 10. verkfundar vegna samnings Kubbs við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 05.03.2024.

Lagt fram.

14. Fundargerðir Samband íslenskra sveitarfélaga 2024 - 2401079

Fundargerð 944. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 23.02.2024.

Lagt fram.

**Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25.**

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)